

Erindisbréf

starfshópur um eignaskiptingu og uppbyggingu í Kaplakrika
og eftirlit með nýbyggingu knatthúss í Kaplakrika.
– Kaplakrikahópur –

Hlutverk:

Meginverkefni hópsins er að leiða til lykta frekari eignaskiptingu og eignarhald í Kaplakrika. Hópurinn skal skila tillögu að eignaskiptasamningi fyrir 1. október 2018.

Þá skal hópurinn jafnframt hafa fjárhagslegt eftirlit með framkvæmd við byggingu nýs knatthús og gera afnota- og rekstrasamning vegna hússins.

Tímarammi og umfang verkefnis

Hópurinn skal funda eftir framgangi verksins. Greitt er fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi.

Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf nú þegar. Hópurinn skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipan hópsins:

Löggiltur endurskoðandi bæjarins og formaður eftirlitsnefndar með fjármálum íþrótt- og æskulýðsfélaga, formaður hópsins

Verkfræðingur

1 fulltrúi frá meirihluta

1 fulltrúi frá minnihluta

2 fulltrúar frá FH

Með hópnum starfa:

Forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar á umhverfis- og skipulagsþjónustu
Sviðsstjóri fjármálasviðs



HAFNARFJÖRÐUR

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður
Íþróttá- og tómstundafulltrúi

DRÖG